



MBA VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS 2011–2013

SKORAÐU Á ÞIG

– OG TAKTU SKREFIÐ!

www.mba.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011

ÁVARP DEILDARFORSETA



Ingjaldrur Hannibalsson, deildarforseti viðskiptafræðideildar


Vandað háskólanám gefur nemendum gnótt tækifæra til persónulegra framfara. Ný þekking og nálgun í flóknum heimi viðskipta skapar forsendur til breytinga í lífi og starfi. Markmið með tveggja ára MBA-námi við Háskóla Íslands er ekki síst að auðvelda nemendum að skilja betur forsendur á sviði rekstrar og stjórnunar og taka á móti verkefnum framtíðarinnar. Markvisst er stefnt að því að efla nemendur, m.a. með fjölbreyttum kennsluáferðum, og er kennurum sérstaklega umhugað að nemendur geti fljótt innleitt nýja þekkingu í störfum sínum með því að takast á við raunhæf

verkefni. Í mínum huga er það engum vafa undirorpið að gildi viðskiptafræðimenntunar hefur aukist í kjölfar efnahagshrunsins og mun gegna veigamiklu hlutverki við uppbyggingu samfélagsins á næstu árum. Reynslan sýnir að atvinnumöguleikar útskrifaðra MBA-nema eru fjölbreyttir, kjör þeirra eru góð og þeir hafa nýtt sér tækifæri til að taka að sér ný verkefni á sínum vinnustað eða skipta um starfsvettvang. Skoraðu á þig og taktu skrefið í MBA-nám við Háskóla Íslands.

MBA-NÁM Í HNOTSKURN

- *Nám sem ýtir undir frumkvæði, færni og forystuhæfileika*
- *Gefur nýja þekkingu og nýtt sjónarhorn*
- *Krefjandi nám sem hlotið hefur mikið lof nemenda*
- *Góðir samnemendur sem hafa langa og fjölbreytta reynslu*
- *Öflugt tengslanet*
- *Eykur möguleika á starfsframa*
- *Skemmtilegt nám*

Skoraðu á þig – og taktu skrefið!



MBA-NÁM ER MEISTARANÁM FYRIR STJÓRNENDUR

Í náminu er lagt kapp á að nemendur auki þekkingu sína og færni með það að markmiði að auka möguleika til starfsframa og takast á við forystuhlutverk í atvinnulífinu. Lykilorð námsins eru frumkvæði, færni og forysta og miða öll námskeið að því að efla þessa eiginleika hjá nemendum. Fyrstu þrjú misserin eru kennd 11 grunnnámskeið og á síðasta misserinu velja nemendur milli tveggja sérsviða: Stjórnun og markaðsmál eða Fjármál og reikningshald.

FYRIR HVERJA ER MBA?

Segja má að þátttakendur í MBA-námi komi úr öllum áttum. Námið er heppilegur valkostur fyrir þá sem vilja takast á við áskoranir í rekstri og stjórnun. MBA-nám er góður undirbúningur fyrir hvers kyns stjórnunarstörf og forystuhlutverk, hvort sem reksturinn miðar að hagnaði eða sé til almannaheilla.

FAGLEGT NÁM

Grunnnámskeið í MBA-námi eru þverskurður annars meistaranáms í viðskiptafræðum þar sem lögð er áhersla á góða, fræðilega og „þétta“ undirstöðu sem ávallt tekur mið af þeim verkefnum og áskorunum sem við er að glíma í umhverfinu hverju sinni. Undir lok námsins velja nemendur sérsvið þar sem kafað er dýpra á afmörkuðum sviðum, og geta nemendur valið um að vinna lokaverkefni eða tekið valnámskeið.

SVEIGJANLEGT NÁM OG GÓÐ FJÁRFESTING

MBA-nám er skipulagt sem nám samhliða starfi og því þurfa MBA-nemar ekki að fórna launum meðan á námi stendur. Það gerir námið að hagkvæmum kosti. Reynslan hefur einnig sýnt að fólk telur sig ná betri árangri í starfi að námi loknu.

TENGLI VIÐ ATVINNULÍFIÐ

Lögð er áhersla á að MBA-nemar geti sem best samtvinnnað nám og starf. Kennslan tekur m.a. mið af reynslu og þekkingu á íslensku atvinnulífi. Nemendur glíma við raunverkefni í námskeiðum og eru í virkum samskiptum við stjórnendur íslenskra fyrirtækja, m.a. með fyrirtækjaheimsóknum.

REYNSLUMIKLIR KENNARAR

Umsjón og kennsla er í höndum kennara Viðskiptafræðideildar sem hafa áralanga reynslu af kennslu og rannsóknum á íslensku atvinnulífi. Auk þeirra kemur fjöldi sérfræðinga og stjórnenda úr atvinnulífinu að náminu. Þá er einnig mikil áhersla lögð á að fá framúrskarandi erlenda gestafyrirlesara.



ÞAÐ BESTA
ÚR BÁÐUM
HEIMUM

olis



Jón Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri, MBA-nemi

„Ég hef unnið sem stjórnandi í íslensku atvinnulífi í meira en 20 ár og að stærstum hluta hjá einu af stærri fyrirtækjum landsins. Ég hef öðlast mikla reynslu sem hefur nýst mér vel í mínum störfum, en góður stjórnandi þarf að búa yfir yfirgripsmikilli þekkingu á rekstri. Af þeim sökum hef ég alla tíð gætt þess að afla mér þekkingar sem styrkir mig í starfi. Þegar ég valdi MBA-námið í HÍ var það að vandlega ihuguðu máli. Ég hef fram að þessu sótt alla framhaldsmenntun mína erlendis, m.a. við einn

af virtustu viðskiptaháskólum í Evrópu. Reynsla mín af MBA-náminu við HÍ er mjög góð. Þar er lögð áhersla á vönduð vinnubrögð, framúrskarandi fyrirlesara og öll aðstaða fyrir nemendur jafnast á við það besta sem ég hef séð erlendis. Í náminu kallast á reynsla mín úr atvinnulífinu og fræðin, s.s. fjármál, stjórnun, markaðs- og mannauðsmál, og vel hefur tekist að kalla fram það besta úr báðum heimum. MBA-nám við Háskóla Íslands er krefjandi nám sem ég mæli hiklaust með.“

PERSÓNULEG HÆFNI OG STJÓRNENDAPJÁLFUN

Í MBA-námi má segja að ráðist sé í ferð sem er bæði fagleg og persónuleg. Rauður þráður í náminu er að nemendur efli persónulega hæfni og fái stjórnendapjálfun til að takast á við ólíkar aðstæður. Námsleiðin sem boðið er upp á taka mið af nýjustu áherslum á viðkomandi sviðum og eru áfangastaðir þar sem staldrað er við um stund.

Á námsleiðinni geta leynst ýmsar gryfjur. Stundum er eins og öll sund virðist lokuð eða fólk sér ekki skóginn fyrir trjánum. Við þær aðstæður geta persónuleg hæfni og fumlaus viðbrögð skipt sköpum. Þörfin á góðum leiðtogum sem hafa frumkvæði hefur sjaldan verið meiri hér á landi. Þeirra biður að móta nýjar lausnir á mörgum sviðum samfélagsins, laða fram hugmyndir og vekja faglegan eldmóð. Þeir þurfa gjarnan að synda á móti straumnum en til þess getur þurft mikið sjálfstraust.

Í þeirri ferð sem nemendur hefja með MBA-námi er mikið lagt upp úr því að byggja upp persónulega hæfni nemenda, að hver og einn finni „sinn takt“ og uppgötvu nýja möguleika, hvort sem er hjá sjálfum sér eða öðrum.

Boðið er upp á einstaklingspjálfun sem byggir á samtölum við þjálfara, lausnarmiðaðri nálgun og hvatningu. Hún felst m.a. í að:

- Kortleggja tækifæri og hættur í umhverfinu og móta dugandi stefnu
- Finna lausnir sem í fljótu bragði virðast ekki í sjónmáli og taka ákvarðanir
- Bregðast við gagnrýni og krefjandi úrlausnum í samskiptum
- Byggja upp tengsl við fólk úr ólíkum áttum
- Klára málin þótt lítil tími sé til stefnu

Flestir kannast við þá tilfinningu sem fylgir því að kanna nýjar slóðir og upplifa eitthvað nýtt. Reynsla okkar er að fyrri nemendur hafi notið ferðarinnar í MBA-náminu. Þeir hafi uppgötvað margt nýtt á leiðinni og að hún hafi verið þeim hvatning til frekari landvinnings.



OPNAÐIST NÝR HEIMUR



Sigurjóna Sverisdóttir, MBA-nemi

„Þennan tíma sem ég hef verið í MBA-náminu hefur mér opnast nýr heimur. Ég kem úr listaheiminum og hef því annan grunn en þeir sem koma t.d. úr viðskiptalífinu. Á nokkrum mánuðum hefur heimssýn mín breyst og sjóndeildarhringurinn vikkað, mörgum spurningum fortíðar hefur verið svarað og enn fleiri hafa vaknað. Það hefur verið frábært að finna þann metnað sem kennararnir

setja í undirbúning og kennslu. Við lærum að nýta okkur öll nýjustu tækin og aðferðir til þess að verða betri stjórnendur. Það sem ég kveið mest fyrir var hópvinningurinn, en hún gerir námið skemmtilegt enda vinnum við úr því sem við höfum lært í hópunum. Þetta er krefjandi nám, krefst ákveðinna fórnna og mikils sjálfsgæta, en ég tel mig uppskera ríkulega.“

UPPBYGGING NÁMSINS

1. MISSERI – HAUST

FYRRI LOTA

REKSTRARHAGFRÆÐI

Gylfi Magnússon
Jón Snorri Snorrason

LEIÐTOGAFRÆÐI OG SKIPULAG

Árelía Eydís Guðmundsdóttir
Margrét Sigrún Sigurðardóttir

SEINNI LOTA

TÖLFRÆÐI OG ÁKVARÐANIR

Snjólfur Ólafsson

MARKAÐSFRÆÐI

Pórhallur Örn Guðlaugsson

2. MISSERI – VOR

FYRRI LOTA

MANNAUÐSSTJÓRNUN

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson

REKSTRARSTJÓRNUN

Ingjaldur Hannibalsson

SEINNI LOTA

FJÁRMÁL FYRIRTEKJA

Kristján Jóhannsson

ÁRSREIKNINGAR OG REIKNINGSSKIL

Einar Guðbjartsson

3. MISSERI – HAUST

FYRRI LOTA

STEFNUMIÐUÐ STJÓRNUN

Runólfur Smári Steinþórsson

FRUMKVÖDLAR OG NÝSKÖPUN

Eiríkur Hilmarsson

SEINNI LOTA

ALPJÓÐAVIÐSKIPTI

Ingjaldur Hannibalsson

4. MISSERI – VOR

SÉRSVIÐ:

STJÓRNUN OG MARKAÐSFRÆÐI

Þrjú sérsviðsnámskeið
Eitt valnámskeið eða lokaverkefni

SÉRSVIÐ:

FJÁRMÁL OG REIKNINGSHALD

Þrjú sérsviðsnámskeið
Eitt valnámskeið eða lokaverkefni



NÁNARI UPPLÝSINGAR

- Í hverri lotu eru tvö námskeið kennd samhliða. Hvert skólaár samanstendur af fjórum lotum
- Kennt er aðra hverja helgi, föstudag og laugardag kl. 09:00–17:00, til viðbótar er boðið upp á dæmatíma
- Á fyrstu þremur misserum námsins ljúka nemendur 11 kjarnanámskeiðum. Á fjórða og síðasta misseri velja nemendur sérsvið, annað hvort *Stjórnun og markaðsfræði* eða *Fjármál og reikningshald*
- Mikið er lagt upp úr hópastarfi nemenda og persónulegri þróun þeirra
- MBA-námið í Háskóla Íslands er aðallega kennt á íslensku. Erlendir gestafyrirlesarar kenna á ensku



NÁMSFERÐ TIL NÁGRANNALANDS

Innifalin í skólagjöldum er stutt námsferð til Evrópu á öðru misseri. Námsferðin er liður í að styrkja tengsl nemenda við alþjóðlegt viðskiptaumhverfi. Meðal annars verður farið í heimsóknir í áhuga-ferð fyrirtæki og háskóla. Árið 2011 var farið til Kaupmannahafnar.

ERLENDIR FYRIRLESARAR

MBA-námið er þróað og útfært í samræmi við alþjóðleg viðmið. Mikil áhersla er lögð á að fá framúrskarandi, erlenda gestafyrirlesara og hafa margir virtir og vel kunnir sérfræðingar haldið fyrirlestra fyrir MBA-nemendur á síðustu árum þar sem horft er á Ísland í alþjóðasamhengi.



VEITTI MÉR
NÝJA SÝN

Margrét Hauksdóttir aðstoðarforstjóri, MBA 2010

„MBA-námið var áskorun sem gerði margvíslegar kröfur til mín. Það veitti mér nýja sýn, styrkti mig, jók þekkingu mína til muna og ýtti mér út í að leysa margvísleg ögrandi verkefni. Það krafðist skipulagningar og úthalds og veitti mér innsýn í sjálfa mig sem við öll höfum svo gott af. Ég hef tekist á við ný verkefni í starfi mínu sem ég hefði aldrei gert nema fyrir tilstilli námsins. Námið hefur einnig skapað mér margvísleg tengsl og ber þar fyrst að

nefna fjölbreyttan og öflugan hóp samnemenda minna, frábæran hóp kennara sem leggja sig fram um að draga fram styrkleika nemenda og kenna þeim ný vinnubrögð. Auk þess ég hef kynnst framúrskarandi fólki atvinnulífsins í fyrirtækjaheimsóknum hér innanlands sem og í námsferðum erlendis.“

FÉLAG MBA – FRÁ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hlutverk MBA-félagsins er að stuðla að faglegum, félagslegum og efnahagslegum ávinningi þeirra sem útskrifast og styðja þannig áframhaldandi þróun og framgöngu námsins við skólann. Félagið er ekki síður vettvangur nemenda til að viðhalda og styrkja tengslanet sitt og tengsl við skólann.

Á hverju starfsári stendur félagið fyrir nokkrum viðburðum sem jafnan eru vel sóttir. Má þar nefna golfmót, tónleika, fyrirtækjaheimsóknir, hádegisverðarfundir og kynningar af ýmsu tagi. Við hvetjum alla útskrifaða sem og þá sem stunda námið til að taka þátt í félaginu og efla það þannig og styrkja!



HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR UMSÓKNIR

- Upphafsdagur námsins er í lok ágúst. Þar koma nemendur og kennarar saman og fara yfir námskeiðin og námsfyrirkomulag
- Boðið er upp á undirbúningsnámskeið í Excel og námstækni í upphafi námsins
- Nemendum er raðað í hópa í fyrstu 6 lotum námsins
- Boðið er upp á ýmsa viðburði, fyrirlestra og samfagnaði á meðan námi stendur

SKÓLAGJÖLD

Skólagjöld fyrir MBA-nám í Háskóla Íslands eru 2.600.000 kr. Innifalið í skólagjöldum eru námsgögn (bækur, möppur og dæmisögur/cases), reglulegir samfagnaðir, ýmis örnámskeið, stjórnendapjálfun og námsferð.

MBA-námið er opið öllum sem hafa lokið háskólaprófi og hafa þriggja ára starfsreynslu, eða reynslu og menntun sem meta má jafngilda háskólaprófi.

MEÐ UMSÓKN ÞARF AÐ FYLGJA:

- Greinargerð, hnitmiðuð samantekt sem skýrir af hverju umsækjandi hefur áhuga á MBA-námi
- Umsagnir frá tveimur meðmælendum
- Prófskírteini
- Starfsferilskrá með mynd af umsækjanda

Nánari upplýsingar um MBA-námið við Háskóla Íslands er að finna á www.mba.is og þar eru eyðublöð fyrir umsóknir og meðmælendur.



WBA

